

Foreldrafundur 3 maí 2010

Fundur hefst 20:00

Úr stjórn mættir:

Lóa Björk Óskarsdóttir

Hildur Jónsdóttir

Póra Þorsteinsdóttir

Ingólfur Hjálmarsson

Sveinn

Efni fundar: 1. Árshátíð BES. 2. Vorhátíð. 3. Húsnæðismál BES

- 1. Árshátíð BES:** Eftir síðustu árshátíð BES var rætt í foreldrafélaginu hvort ekki mætti standa betur að árshátíð skólans. Rætt var um of langa dagskrá, að ekkert heyrðist í krökkunum, að það væri ekki nóg pláss fyrir foreldra og að nánast ekkert sæist á sviðið. Lóa fór og ræddi þessi mál við Hörpu skólastjóra. Harpa tjáði Lóa að ákveðin vandræði væri í samskiptum við Árborg. Harpa hefði pantað að ákveðið margir stólar væri settir upp, hún hefði pantað lýsingu og hljóðkerfi og þeir hjá Árborg hefðu ekki staðið sig. Rætt var hvort foreldrafélag gæti ekki komið betur að árshátíðinni og að skipulag á henni þyrfti að bæta, generalprufa, að fá sýningarstjóra sem skipuleggur allt o.s.frv. Árshátíð skólans þyrfti því næst að verða rædd í tíma með foreldrum (jafnvel í skólaráði).
- 2. Vorhátíð.** Allir í skólanum voru mjög ánægðir með vorhátíðina í fyrra. Sveinn var á síðasta skólaráðsfundi og voru almennt allri mjög spenntir fyrir vorhátíðinni. Rætt var að hafa hana með svipuðu sniði og í fyrra en þó með nokkrum breytingum. Spurning var hvort að verkgreinakennarar skólans geti ekki gert fallega sýningu í nýja skólanum sem væri þá til sýnis á meðan vorhátíð stendur. Ákveðið var að veita puls+svala+muffins+kaffi en sem einhverskonar pakka 1 á mann (ekki að hægt sé að fá sér oft eins og í fyrra). Sveinn ætlar að sjá um veitingarnar sjá um allt skipulag og fá 10 bekkinn í lið með sér. Einnig var ákveðið að hafa 10 stöðvar eins og í fyrra **1. Töframaður. 2. Listahópur (ath hvort myndmenntakennari sé tilbúin til þess að gera eitt verk með öllum nemendum skólans fyrir nýja skólann) 3. Kríta á stétt. Að það verið skipulögð mynd á stéttinni og allir þurfi að fylla í ákveðna reiti til þess að myndin geti orðið. Hildur tekur verkið að sér. 4. Pokahlaup. 5. Sígvélakast. 6. Hringleikir. 7. Fótbolti. 8. Bandí. 9. Boðhlaup (fjölprautir). 10. Skilti þar sem hægt er að stinga hausnum inn í og láta taka af sér mynd. (Ingólfur ætlaði að ath. hvort það væri ekki eitt slíkt skilti á vinnustofunni sinni. Það þarf að hafa tvo stjórnendur: Einn sem sér um hvert hóparnir fara og passar upp á tímann hann þyrfti að hafa gjallarhorn og flautu til að geta tilkynnt skipti. Annar stjórnandinn sæi um að fylgjast með hópunum hvort allt sé í lagi o.s.frv.**
- 3. Húsnæðismál BES** Vegna þess að ekkert hefur heyrst vegna opnuns nýja húsnæðisins var ákveðið að skrifa opið bréf í Dagskránna til bæjarstjórnar Árborgar hvernig mál stæðu gagnvart opnun nýja skólans. Lóa ætlar að gera uppkast og fá Fríðu til að fínþússa skrifin.

Fundi slitið 10:00

